

Forsætisnefnd

Erindi skóla- og frístundasviðs vegna breytinga á samþykkt skóla- og frístundaráðs vegna setuskyldu framkvæmdastjórnar sviðsins - í vinnslu

Vísað er til erindis skóla- og frístundasviðs dags. 10. nóvember sl. til forsætisnefndar þar sem óskað er eftir því að forsætisnefnd geri breytingu á samþykkt skóla- og frístundaráðs vegna setuskyldu framkvæmdastjórnar sviðsins. Í gildandi samþykkt ráðsins kemur fram að sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs situr fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt en óskað er eftir að í samþykktinni komi fram að öll framkvæmdastjórn sviðsins hafi setuskyldu á öllum fundum ráðsins.

Umsögn:

Í upphafi árs 2019 voru gerðar breytingar á fyrirkomulagi funda borgarráðs sem höfðu það m.a. í för með sér að setuskylda allra embættismanna í borgarráði var felld niður að undanskildum borgarritara, borgarlögmanni og skrifstofustjóra borgarstjórnar sem er jafnframt ritari borgarráðs. Aðrir embættismenn eru nú eingöngu boðaðir til að fylgja einstaka málum eftir. Breytingar þessar voru liður í vinnu við að auka skilvirkni ráða og nefnda Reykjavíkurborgar með áherslu á bættu tímastjórnun og fundamenningu. Í janúar 2019 beindi formaður borgarráðs sambærilegum tilmælum til formanna ráða og nefnda þar sem m.a. var mælt til að útsend og birt dagskrá ráðsfundar yrði tímasett og að setuskylda embættismanna annarra en sviðsstjóra/skrifstofustjóra á ráðsfundum falli niður en þess í stað verði þeir boðaðir til að fylgja einstaka málum eftir.

Í samþykktum fagraða er að finna ákvæði um setuskyldu embættismanna sem eru að mestu samhljóða. Í samþykktum velferðarráðs, mannréttinda- nýsköpunar- og lýðræðisráðs og menningar- íþróttá- og tómstundaráðs eru ákvæði um setuskyldu sviðsstjóra. Í samþykktum skipulags- og samgönguráðs og umhverfis- og heilbrigðisráðs er kveðið á um setuskyldu sviðsstjóra, embættismanna með sjálfstæðar afgreiðsluheimildir s.s. skipulagsfulltrúa, byggingarfulltrúa og framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlitsins og skrifstofustjóra **undir þeim liðum sem varða þeirra verksvið**. Í öllum samþykktum fagraða er að finna heimildir ráða til að boða til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem og aðra þá sem það telur þörf á hverju sinni.

Í ljósi ofangreinds er ekki mælt með því að fallist verði á að gera þá breytingu á samþykkt skóla- og frístundaráðs sem lögð er til í erindinu. Tilmæli borgarráðs til þeirra fagraða sem starfa í umboði borgarráðs hafa verið á þann veg að draga frekar úr setuskyldu embættismanna á fundum en að auka við hana. Unnt er að koma til móts við þau tilmæli á vettvangi skóla- og frístundaráðs á þann hátt að embættismenn og aðrir starfsmenn verði boðaðir að taka sæti undir þeim liðum sem varða þeirra verksvið, eins og gert er í borgarráði og öðrum fagráðum.

Virðingarfyllt

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar